

21.01.2026 (#7 2025-2026) kl. 10:30

Fundurinn fór fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mætt voru stjórnarmennirnir **Valerie Maier, Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir** sem jafnframt ritaði fundargerð, **Elíabet Einarsdóttir, Jón Axelsson, Sigríður Hallgrímsdóttir** og **Ragnar Fjalar Sævarsson**. Þá sat **Geir Ómarsson** framkvæmdastjóri fundinn.

Fjarverandi: **Katrín Pálsdóttir** og **Hörður Sigurðarson**.

Valerie Maier stýrði fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Fundargerð síðasta fundsins
2. Fjármál og skýrsla framkvæmdastjóra
3. Keppnissumar
4. Afrekstefna – staða
5. Þing og kosningar
6. Athugasemd um Club Competition point system
7. Ferð á World Triathlon Championship finals í Pontevedra
8. Verkefnalisti
9. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Valerie leggur fram fundargerð síðusta fundar sem var send stjórnarfólki í tölvupósti fyrir fundinn og biður stjórnarfólk um að koma með athugasemdir eða staðfesta fundargerðina. Engin athugasemd.

Fundargerð samþykkt

2. Fjármál og skýrsla framkvæmdastjóra

Geir fór yfir fjárhaginn. Fram kom að öll gögn fyrir árið 2025 eru komin til bókara sem klárar ársreikning í febrúar svo hann verður klár fyrir þingið. Útkoma ársins verður að öllum líkindum jákvæð.

Geir fór yfir hvort tímabært sé að Þríbrautasambandið taki upp iðkendagjöld, sambærilegt við önnur sérsambönd. Ekki tekin ákvörðun að sinni. Geir tekur þetta áfram.

3. Keppnissumar

Drög að dagskrá komin en einhverjar breytingar gætu orðið. Enn spurning með hvar og hvernig íslandsmótið í Ólympískri þríbraut verður haldið. Gæti raskað annarri dagskrá. Rætt um staðsetningar jafnvel í borginni upp á sýnileika og hvernig það gæti orðið íþróttinni til framdráttar.

4. Afrekstefna – staða

Geir og Sigurður Ragnars formaður afreksnefndar hafa farið yfir afreksstefnuna og koma með tillögu að breytingum.

5. Þing og kosningar

Áætluð dagsetning fyrir þingið er laugardagurinn 28.mars. Undirbúningur komin í gang.

Þrír aðalfulltrúar eru að klára sinn skipunartíma en einhverjir hafa hug á að halda áfram sem og varamenn.

6. Athugasemd um Club Competition point system

Stjórnin fór yfir bréf frá Richard, fyrir hönd 3SH, varðandi stiga keppni milli félaga. Ákveðið var að óska eftir útfærðum hugmyndum frá þeim klúbbum sem mótfallnir eru núverandi punktakerfi.

7. Ferð á World Triathlon Championship finals í Pontevedra

Ákveðið að vera með kynningarfund og auglýsa keppnina. Rætt hvort setja eigi kröfu á að keppendur hafi reynslu af open water. Geir og Elísabet ætla að taka þetta verkefni áfram.

8. Verkefnalisti

Verkefnalisti uppfærður.

8. Önnur mál

Engin önnur mál.

9. Næsti fundur og þing 2026

Næsti fundur áætlaður 24. febrúar og/eða 4.mars.

Fundi slitið kl.12:03

Fundargerð yfirfarin og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum.